

Stjórnarfundur STEFs 30. janúar 2025 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn fimmtudaginn 30. desember 2025 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Bragi Valdimar Skúlason og Halldór Smárásonar, sem var í gegnum fjarfundarbúnað. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 12. desember svo og útdráttur lögð fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:
 - a) Niðurstaða matsnefndar vegna beiðni Hjartar Geirssonar.
 - b) Niðurstaða matsnefndar vegna beiðni VÆB.
 - c) Niðurstaða matsnefndar vegna beiðni Reynis Haraldssonar.
 - d) Lit yfir tekjur NMP til STEFs 2024.
 - e) Hugmyndir að fálkaorðuhöfum frá Tónlistarmiðstöð.
 - f) Erindi frá Sinfóníuhljómsveit Íslands vegna Íslensku tónlistarverðlaunanna (ÍTV).
 - g) Fundargerð stjórnar Samtóns 21. janúar 2021.

Undir þessum lið urðu nokkrar umræður um þróun streymisveita og þá sérstaklega Spotify, s.s. varðandi uppástungur veitunnar um hlustun á íslenskri tónlist.

Allmiklar umræður urðu einnig um ÍTV og þær breytingar sem hafa orðið nú þegar, svo og hugsanlega þróun í framtíðinni. Í því sambandi var sérstaklega rætt um verðlaunaflokkinn *Tónlistarviðburður ársins*, sem er ekki einn af verðlaunaflokkunum í ár. Í stað þess var ákveðið að gefa tónleikahaldi meiri vigt á *Degi íslenskrar tónlistar*. Almenn er ánægja með nýtt innsendingarkerfi. Þá var rætt um nýjan verðlaunaflokk sem almenningur mun eiga kost á að kjósa um, svo og næsta heiðursverðlaunahafa.

Þá var rætt um að stjórn geti komið með tillögur sem færu áfram til stjórnar Tónlistarmiðstöðvar, varðandi tilnefningar tónlistarfólks til fálkaorðunnar.

Þá var farið yfir afhendingu heiðursmerkis STEFs til Hjalms H. Ragnarssonar þann 26. janúar sl. á tónleikum með kórverkum hans í Hallgrímskirkju í flutningi Cantoque Ensemble. Voru tónleikarnir vel sóttir. Var Hjalmar komið á óvart með veitingu heiðursmerkisins við lok tónleikanna, en merkið afhenti Páll Ragnar Pálsson formaður stjórnar STEFs.

3. Breyting á reglum matsnefndar STEFs

Lögð fram tillaga að smávægilegri breytingu, sem lýtur að því, að það er val matsnefndar hvort leitað er umsagnar eða andmæla gagnaðila matsbeiðanda. Oftast liggja málin þannig fyrir, að verk nefndarinnar er hreinlega að bera saman tvö verk og huglæg afstaða aðila skiptir ekki máli við það mat. Er því talið eðlilegra að matsnefnd hafi það val hvort hún telur það gagnast málinu að leita eftir umsögn gagnaðila matsbeiðanda, ef hann er einnig meðlimur í STEFi.

Breytingartillagan var samþykkt.

4. Nýr aðili í stjórn Upptökusjóð STEFs

Eyþór Gunnarsson mun taka sæti Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar í stjórn Upptökusjóðs. Eru Aðalsteini þökkuð hans áratuga störf í stjórn sjóðsins.

5. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar á skrifstofu STEFs. Gengið hefur verið frá starfslokasamningi við fjármálastjóra og hefur verið gengið frá ráðningu í hans stað. Þá liggur einnig fyrir að ráða nýjan móttökustjóra/gjaldkera, en núverandi starfsmaður í þeirri stöðu hefur óskað eftir að láta af störfum vegna aldurs.

6. Handhafi Langspilsins 2025

Lagðar fram nokkrar tillögur sem voru ræddar og var síðan samþykkt að veita tilteknum meðlimi STEFs verðlaunin.

7. Tilnefningar til Höfundaréttarráðs

Nokkrar hugmyndir nefndar í því sambandi, en ákveðið er að bíða með ákvörðun þar til það liggur ljóst fyrir hverja FTT og Tí muni tilnefna fyrir sína hönd.

8. Önnur mál

a. Beiðni um styrk – Fróði Finnsson - heimildarmynd

Stjórn lýsti sig jákvæða fyrir hugmyndinni, en óskar eftir frekari upplýsingum áður en ákvörðun um styrk er tekin.

b. Breyting á dagsetningu stjórnarfundar 30. apríl 2025

Ákveðið er að færa dagsetningu þessa fundar til 23. apríl.

c. Rætt var um breytingu á verklagi varðandi endurgreiðslur fyrir hljóðritunarkostnaði.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 14:00.